



Vesturgata Reykjaneshæ 30.11.2007
Ekið á gangandi vegfaranda
Látinn 4 ára drengur
Tími sólarhrings: Dagur

Lýsing á slysi

Þann 30. nóvember 2007 var lögreglunni í Reykjaneshæ tilkynnt um að ekið hefði verið á gangandi vegfaranda á Vesturgötu við Birkiteig. Ökumaður sem slysinu olli sýndi af sér vítaverða hegðun og flúði af vettvangi. Ekki hefur tekist að sanna hver var ökumaður umrætt skipti en bifreiðin sem hann ók fannst daginn eftir. Vegfarandinn sem ekið var á var fjögurra ára drengur. Hann lést þann 1. desember 2007.



Mynd 1. Leið ökumanns suður Vesturgötu (rauð ör) og leið drengsins yfir götuna (græn ör)

Slysið varð síðla dags og sögðu vitni að ökumaður sem slysinu olli hafi ekið suður Vesturgötu og drengurinn gengið út á götuna í átt að Birkiteig eins og sýnt er á mynd 1. Varð ákeysrslan á miðri götunni. Engin hemlaför voru á vettvangi eftir bifreiðina og sem fyrr greinir hélt

ökumaður áfram og stakk af vettvangi. Myrkur var á þeim tíma sem slysið varð, en götulýsing er við Vesturgötu. Hámarkshraði á Vesturgötu er 50 km/klst.

Drengurinn var klæddur í gallabuxur og dökkbrúna úlpu sem á voru ljósar sportrendur við brjóst og mitti. Hann var einn á ferð, hafði verið að leika við félagi sína og var líklega á leið heim til sín. Erfitt er að geta til um hvort ökumaður hafi séð til ferða drengsins yfir götuna en honum hefði mátt vera ljóst að ákeyrsla átti sér stað því rannsókn leiddi í ljós að drengurinn kastaðist upp á vélarhlíf bifreiðarinnar og meðfram vinstri hlið hennar.

Bifreiðin var af gerðinni Nissan Sunny. Á henni voru för eftir ákeyrslu og efnispræðir úr fatnaði drengsins. Vinstra framljós hennar var brotið og för voru á vélarhlíf og vinstri hurð. Efni úr flíspeysu drengsins voru á rúðuburrkublaði og hliðarspegli vinstra megin á bifreiðinni.



Mynd 2. Brotið vinstra framljós



Mynd 3. Efni úr flíspeysu á vinstri hliðarspegli

Rúður bifreiðarinnar voru þaktar salti er hún fannst og hefur það líklega haft áhrif á útsýni ökumanns. Loft var í öllum hjólbörðum bifreiðarinnar og hemlar og stýrisbúnaður í lagi.

Takmarkast umfjöllun rannsóknarnefndar umferðarslysa af því að ekki hefur tekist að upplýsa málið og miðast orsakagreining nefndarinnar við sennilega atburðarrás og orsakir.

Að mati rannsóknarnefndar umferðarslysa er sennilegt að ökumaður hafi verið í annarlegu ástandi og gætti ekki að aðstæðum. Engin hemlaför voru eftir bifreið hans á vettvangi né stöðvaði hann eftir ákeyrsluna. Telur rannsóknarnefndin útilokað annað en að ökumaður orðið var við áreksturinn miðað við ummerki.

Erlendis hafa rannsóknir sýnt að ungir karlmenn undir áhrifum áfengis eru sá hópur sem oftast stingur af frá slysavettvangi (Solnick og Hemmenway, 1999).

Tillögur í öryggisátt

Rannsóknarnefnd umferðarslysa leggur til við Reykjanesbæ að hámarkshraði á Vesturgötu verði lækkaður úr 50 km/klst. í 30 km/klst.

Ábendingar

Rannsóknarnefnd umferðarslysa beinir því til foreldra að börn á leikskólaaldri eiga ekki að vera ein á ferli, sérstaklega í myrkri við akbrautir. Á þessum aldri hafa börn fengið einhverja fræðslu um hættur í umferðinni, en skilningur þeirra er í mótun og hæfni til að fást við hættur og skynja hraða bifreiða er takmörkuð.

Hvetur rannsóknarnefnd umferðarslysa gangandi vegfarendur, börn, fullorðna og ekki síst aldrað fólk eindregið til að bera endurskinsmerki eða rendur á fatnaði sínum, sérstaklega að vetri til.

Heimild

Solnick, S.J og Hemmenway, D., (1999).The hit-and-run in fatal pedestrian accidents: Victims, circumstances and drivers. **Accident Analysis & Prevention**. Volume 27, Issue 5, October 1995, Pages 643-649

Reykjavík 30.5.2008

Rannsóknarnefnd umferðarslysa